



Mynd 1 - Opinn kynningarfundur í Hofgarði í Örfæfum.

Stjórnunar- og verndaráætlun fyrir friðlandið í Ingólfshöfða

Opinn kynningarfundur

10. október – Hofgarði – Örfæfasveit

Haldinn var opinn kynningarfundur miðvikudaginn 10. október 2018 í Örfæfum vegna kynningarferlis á stjórnunar- og verndaráætlun fyrir friðlandið í Ingólfshöfða. Áður en fundurinn hófst var boðið upp á ferð í höfðann fyrir áhugasama. Fjórir starfsmenn frá Umhverfisstofnun fóru með í ferðina, Þórdís Björt Sigþórsdóttir frá teymi friðlýsinga og áætlana (ritstjóri áætlunarinnar og fulltrúi í samstarfshóp), Hákon Ásgeirsson frá teymi Náttúruverndar suðurs (sérfræðingur á svæðinu og fulltrúi í samstarfshóp), Fanney Gunnarsdóttir landvörður á Suðurlandi og Svava Pétursdóttir, lögfræðingur frá teymi friðlýsinga og áætlana. Ferðin út í höfðann var bæði skemmtileg og fróðleg, enda náttúrufergurð mikil. Fundurinn gekk mjög vel og margar góðar athugasemdir og ábendingar komu fram sem munu nýtast við að gera áætlunina enn betri.

Á fundinum var fundargestum skipt upp í þrjá hópar þar sem tvö þemu voru rædd ásamt öðrum athugasemdum sem bárust frá fundargestum. Hér að neðan er að finna samantekt á niðurstöðum umræðna:

Hvernig viðhöldum við verndargildi svæðisins?

- Upp komu sú hugmyndir að skilgreina veginn út í höfðann sem þjónustuveg til þess að takmarka aðgengi og að fólk á óhæfum bílum myndu ekki fara sér að voða við að reyna að keyra út í höfðann sjálf.
- Þá kom upp sú hugmynd að einn aðili myndi hafa heimild til að vera með ferðapjónustu út í höfðann og yrði þá gerður einhversskonar þjónustusamningur við þann aðila.
- Eins komu þær hugmyndir að þeir aðilar sem hyggjast vera með ferðapjónustu út í höfðann myndu þurfa að sækja um atvinnuleyfi hjá Umhverfisstofnun til þess.
- Rætt var um frekari stýringu inn á svæðinu og þá aðallega hugmyndir um að stika gönguleið. Stikuð gönguleið myndi koma í veg fyrir að fólk myndi stíga á litla skúmsunga sem stundum grúfa sig í háa grasinu á Grashöfðanum og eins myndi stikuð leið auka öryggi gestanna hvað varðar hrúnhættur á ákveðnum svæðum innan friðlandsins.
- Rætt var hljóðmengandi tæki og mikilvægi þess að banna til dæmis notkun dróna, sérstaklega á varptíma fugla.
- Rætt var sú hugmynd að auka landvörslu á varptíma eða þá að sá aðili sem væri með samning við Umhverfisstofnun myndi sinna landvörslu.
- Rætt var aðgengi í höfðann og aðkomuleiðir, hver ber ábyrgð á að halda þeim við?



Mynd 2 - Á leiðinni út í Ingólfshöfða.



Mynd 3 - Starfsmenn Umhverfisstofnunar, f.h. Þórdís Björt Sigþórsdóttir, Fanney Gunnarsdóttir, Hákon Ásgeirsson og Svava Pétursdóttir

Hvernig á fræðslu að vera háttað?

- Rætt var kosti þess og galla að setja upp fræðsluskilti innan friðlandsins. Veðuraðstæður í friðlandinu er á þann hátt að erfitt getur verið að halda skilti í fullnægjandi ásigkomulagi í lengri tíma og gæti verið kostnaðarsamt, þá getur kort ekki fallið að landslaginu á svæði eins og þessu. Á hinn bóginn getur fræðsluskilti aukið upplifun gesta í friðlandinu. Þá var rædd sú hugmynd að þegar gestir koma inn í friðlandið þá fá þeir sent upplýsingakort í símann sinn á pdf formi, bæði fræðsluefni og eins umgengisreglur friðlandsins.
- Hugmynd um að fræðsluskilti gæti verið staðsett á bílastæði hjá ferðapjónustuaðila.
- Rætt var sú hugmynd að auka aðgengi skóla að friðlandinu með aukinni upplýsingagjöf frá Umhverfisstofnun. Innvikla bæði grunnskóla og menntaskóla, þar sem svæðið býður upp á mikla fræðslumöguleika um lífríki og menningarsögu.
- Mikilvægt að skrá niður örnefni friðlandsins og eins hvar menn sigu áður til eggjatínslu.
- Hver ber ábyrgð á að halda við skipbrotsmannaskýlinu? Skýra það.
- Ræddar voru hugmyndir um að dreifa upplýsingum frekar rafrænt heldur en að prenta út bæklinga.